

er aðgerðin drægist fram yfir umsamdan aðgerðartíma og verða það þá 200 krónur sem stefndanda bera í leigu eftir bátinn.

Matskostnaðurinn verður að teljast stefndum óviðkomandi úr því að hann var hvorki aðvaraður um að vera við útnefningu matsmannanna nje mat þeirra, enda er sá kostnaður venjulega innifalinn í matsupphæðinni. Af hinu öðru, sem stefnandi telur í stefnunni til matskostnaðar, er kostnaður við sjóferðaprófið, málskostnaður og um steinolíu þá, sem krafist er 27 króna fyrir, er ekki sannað í málinu að hún hafi verið notuð í þarfir stefnda.

Eftir framansögðu verður stefndur dæmdur til að greiða stefnanda 300 krónur, 125 krónur, 200 krónur eða samtals kr. 625,00 með 5% ársvöxtum frá 10. febrúar f. á. til greiðsludags og eftir þeim úrslitum þykir enn fremur rjett að dæma hann til að greiða stefnanda 50 krónur upp í málskostnað.

Mánudaginn 17. desbr. 1923.

Nr. 40/1923.

Guðbjörg Þórdís Jensdóttir

(Björn P. Kalman)

gegn

Kristjáni Sumarliðasyni.

(Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 20. maí 1922: Svo framarlega sem Kristján Sumarliðason, sjómaður í Bolungavík vinnur eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, að hann hafi ekki átt holdlegt samræði við stúlkuna Guðbjörgu Þórdísi Jensdóttur í Bolungavík á þeim tíma, að hann geti verið faðir að meybarni því, er hún ól 4. mars þ. á. sje hann sýkn saka, en vinni hann eigi eiðinn, skal hann teljast faðir barnsins.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í barnsfaðernismáli þessu, er áfrýjandi hefir skotið til hæstarjettar að fengnu uppreistarleyfi, gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni, hefir stefndi eigi mætt fyrir rjettinum, þótt honum hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Að vísu er það ekki tekið fram berum orðum í dómsgerðunum að dómariinn hafi leitað um sættir milli málsaðila og dómariinn hefir heldur eigi leiðbeint barnsmóðurinni til að gera ítarlegar rjettarkröfur, en þar sem ráða má það af prófum málsins, að dómariinn hafi í raun og veru leitað um sættir og prófin eru yfirleitt greinileg, þykir eigi næg ástæða til að ómerkja dóminn.

Þar sem fallast má, svo sem framburði áfrýjanda fyrir lögregurjettinum var háttað, á ákvæði lögreglurjettardómsins um það, að úrslit málsins eigi að vera komin undir synjunareiði hins lýsta barnsföður, ber að staðfesta nefndan dóm, þó með þeirri breytingu samkvæmt 16. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921 að tiltaka ber í eiðstaf þeim, er stefnda verður stilaður, það tímabil, er eiðurinn tekur til. Vinni stefndi synjunareiðinn fellur málskostnaður fyrir hæstarjetti niður og greiðast þá ómakslaun hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, er ákveðast 60 kr., úr rikissjóði, og vottast það að málfærslan af hans hendi hefir verið óaðfinnanleg.

Verði stefnda hinsvegar eiðfall, greiði hann áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin framannefnd málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, en um

málskostnað fyrir lögreglurjettinum er eigi að ræða með því að hans hefir eigi verið krafist í hjeraði.

Eunfremur athugast við meðferð málsins í hjeraði, að ritlauna og staðfestingargjalds hefir ranglega verið krafist sbr. 3. gr. laga nr. 2/1894 og 9. gr. laga nr. 27/1921.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Kristján Sumarliðason, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Guðbjargar Þórdísar Jensdóttur, ef hann innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, synjar fyrir það með eiði að hann hafi haft samfarir við áfrýjanda á tímabilinu maí og júní 1921, og á málskostnaður þá að falla niður, en málflytningskaup hins skipaða málflytningsmanns áfrýjanda, hæstarjettarmála-flytningsmanns Björns P. Kalman, 60 kr., greiðist þá úr rikissjóði.

Vinni stefndi aftur á móti eigi eiðinn skal hann teljast faðir að barni því, er áfrýjandi ól 4. mars 1922 og greiða henni allan málskostnað fyrir hæstarjetti eins og málið væri eigi gjaf-sóknarmál, þar með talið málflytningskaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarjetti 60 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Hinn 4. mars þ. á. ól stúlkan Guðbjörg Þórdís Jensdóttir í Bolungavík meybarn, sem er enn óskirt, og hefir hún lýst föður

að því Kristján Sumarliðason, sjómann í Bolungavík. Hefir hún fyrir rjettinum gefið þá skýrslu, að hún hafi átt samræði við tjeðan Kristján Sumarliðason tvívegis í maimánuði og síðast 1. júní, alt f. á. Í síðasta skiftið sem sje 1. júní f. á., kveðst hún hafa orðið þess vör, að hún varð barnshafandi, en álitur þó að samræðið hafi verið fullkomið einnig í hin tvö skiftin með því að hún hafi fundið að Kristján feldi einnig þá sæði. Eunnremur hefir hún við fyrstu yfirheyrslu gefið þá skýrslu, að hún hafi eigi átt samræði við neinn annan mann en Kristján Sumarliðason og af því geti enginn annar en hann verið faðir að barninu. Þá hefir hún skýrt rjettinum frá, að um jólaleytið í vetur hafi hún átt tal við tjeðan Kristján um faðerni barnsins, er hún þá gekk með, og hafi hann þá kannast við að hann væri faðir barnsins, ef það fæddist í næstkomandi marsmánuði.

Kristján Sumarliðason hefir hinsvegar neitað því, að hann væri faðir að barninu, en hefir þó kannast við að hann hafi átt samræði við stúlku þessa þrívegis, fyrst haustið 1920, svo um jólin sama ár, og í þriðja skiftið 10. mars f. á. Neitar hann að hann hafi átt samræði við stúlkuna eftir þetta og hann geti því eigi verið faðir barnsins. Hefir Guðbjörg kannast við að hafa átt samræði við Kristján í tvö fyrsttöldu skiftin, en neitar því að hafa átt samræði við hann í mars f. á., eða yfir höfuð á öðrum tíma en hún hefir skýrt frá.

Þá er það upplýst í málinu að Jón Karl Eyjólfsson bakari í Bolungavík átti samræði við stúlku þessa fyrst 20. ágúst f. á. og svo tvívegis í september. Hefir stúlkann kannast við þetta, við aðra yfirheyrslu og þannig leiðrjett fyrri framburð sinn í rjettinum um það að hún hefði eigi átt samræði við neinn annan.

Með framburði hlutadeigandi ljósmóður er það upplýst, að stúlkubarn það sem Guðbjörg ól 4. mars þ. á., var fullburða eða barn eftir 9 mánaða meðgöngutíma, eða í hæstalægi gæti verið um svo sem vikutíma minni meðgöngutíma að ræða.

Rjetturinn lítur nú svo á, að eftir atvikum eigi úrslit þessa máls að vera komin undir synjunareidi Kristjáns Sumarliðasonar þannig, að svo framarlega sem hann vinnur eð að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, að hann hafi eigi átt holdlegt samræði við umrædda stúlku á þeim tíma, að hann geti verið faðir að barni því, er hún ól 4. mars þ. á. sje hann sýkn saka, en vinni hann eigi eiðinn skal hann telja föður að barninu.